

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

6. september 2021

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir athafna- og stofnanasvæði við Súluveg og Miðhúsaveg

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Hitaveita og vatnsveita

Það er mikilvægt að til sé heildaráætlun fyrir reitinn þ.e. túnið sem dýraspítalinn mun koma á til að réttar stærðir af stofnlögnum verði lagðar að svæðinu og þar með lágmarkaðar líkur á að svera þurfi upp lagnir þegar/ef annar notandi kemur á eftir dýraspítalanum.

Það er öflugur hitaveitustofn vestan við Súluveg og þangað verður heitt vatn sótt fyrir svæðið en vatnsveitan fyrir svæðið mun tengjast stofnlög sem liggur austan við Súluveg.

Fráveita

Fráveita mun skaffa stúta inn á lóð við vegamót Súluvegar og Miðhúsabraut. Þar er nú þegar regnvatnsstútur og mun Norðurorka einnig skaffa skólptút inn á lóðina á svipuðum stað.

Rafveita

Ekki er hægt að segja til um hvort núverandi strengir beri aukningu, en það verður skoðað þegar umsækjandi/ lóðarhafi hefur skilað inn umsókn um heimlögn. Reikna má þó með að sækja þurfi heimaug fyrir nýbyggingu töluverða leið eða koma fyrir götuskáp í nágrenni við lóðina. Við lóðina liggja m.a. 11kV strengir frá gatnamótum Miðhúsabrautar og upp Súluveg.

Norðurorka vill áréttta að ef færa þarf veitulagnir vegna úthlutunar nýrra lóða til húsbygginga, fellur kostnaður á þann er óskar breytinganna, eftir atvikum á Akureyrarbæ eða lóðarhafa háð framsetningu skipulagsyfirvalda á lóðarskilmálum.

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.

www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra